



BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

Ársskýrsla 2025



Forsíða	1
Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2025	4
Starfsfólk	5
Húsakynni	7
Viðgerðir og viðhald	8
Skráningarkerfi, aðföng og gefendur	9
Aðstaða til varðveislu	12
Rannsóknir og miðlun þeirra	12
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2025	15
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	28
Kirkjubær	30
Rjórabúið á Baugsstöðum	30
Fræðslustarf	32
Safnaráð	33
Samstarf	34
Fundir, námskeið og ráðstefnur	36
Farskóli FÍSOS	37
Kynningar- og markaðsmál	38
Héraðsnefnd og stjórn	39
Nýtt byggðasamlag	40
Um rekstur og fjárhag safnsins 2025	41

www.byggdasafn.is

info@byggdasafn.is

Forsíðumyndin er tekin þegar Farskóli íslenskra safna og safnamanna heimsótti Byggðasafn Árnesinga 1. október 2025. Ljósmyndina tók Hörður Geirsson. Ljósmyndir skýrslunnar eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.



Húsið og norðurljós. Ljós. Elín Birna.

Formáli

Í stofnskrá Byggðasafns Árnesinga er hlutverk safnsins skilgreint á eftirfarandi hátt: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“

Á árinu 2025 var unnið öflugt og fjölbreytt safnastarf í samræmi við þessa stefnu. Starfið náði til varðveislu og skráningar, sýningarhalds og innra starfs, auk forvörslu, rannsókna, ráðgjafar, upplýsingagjafar og umsýslu safnkosts. Þá fór fram undirbúningur, uppsetning og frágangur sýninga, sem og útlán safnmuna. Skráning fór fram í gagnagrunninn Sarp, sem fjölmörg minja-, lista- og náttúrusöfn nota.

Sýningar ársins voru fjórar talsins. Á þorra var sett upp sýning fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla, um páska opnaði sýningin *Endurálit - Raddir unga fólksins* og í júní sýningin *Yfir beljandi fljót*. Allar þessar sýningar voru í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Í Sjóminjasafninu stóð áfram yfir sýningin *Gullspor* og á aðventu var sett upp hefðbundin jólasýning í Húsinu. Fjölmargir viðburðir voru haldnir á árinu og kynntir rækilega á samfélagsmiðlum.

Gestir safnsins á árinu voru 6.427 talsins og var salur Búðarstígs 22 vel nýttur.

Stjórn safnsins fjallaði reglulega um starfsemina og hélt fimm fundi á árinu. Þá voru samþykktar nýjar samþykktir fyrir safnið, sem frá og með árinu 2026 verður sérstakt byggðasamlag í eigu átta sveitarfélaga í Árnesþingi.

Opnunartími og gestafjöldi 2025

Opið var um páska og á menningarhátíðinni Vor í Árborg. Sumaropnun hófst 1. maí og var safnið opið til 30. september. Opið var um helgar í október. Opið var þrjá sunnudaga á jólaaðventu. Almennur aðgangseyrir var kr. 1.750. Boðið var upp á ársmiða.

Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2025 urðu 6.427 þar af 1.559 erlendir og 426 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2024 urðu 6.528 þar af 1.568 erlendir og 450 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2023 urðu 6.450 þar af 1.469 erlendir og 470 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2022 urðu 6.003 þar af 1.494 erlendir og 774 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2021 varð 3.880 þar af 629 erlendir og 875 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2020 varð 1.306 þar af 210 erlendir og 460 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2019 varð 5.580, þar af 1.370 erlendir og 445 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áreiðanleg talning starfsmanna. Dagbók er haldin í Húsinu á Eyrarbakka þar sem merkt er við hvern og einn gest.

Gestir komu á auglýstum tímum. Gestir komu á opnanir og viðburði og mikil aðsókn var að safninu á Jónsmessuhátíð Eyrbekkinga í júní. Skólahópar komu jafnt og þétt allt árið en einkum í lok maí og á aðventu. Jóladagskráin var mjög vel sótt.



Varðveisluhús Byggðasafns Árnesinga að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka.

Góð nýting var á sal Búðarstígs 22 á árinu. Þar eru eldri borgarar á Eyrarbakka með aðstöðu tvisvar í viku og Ungmennafélagið á Eyrarbakka spilar félagsvist vikulega yfir vetrartímann. Á vegum safnsins var boðið upp á almenna fyrirlestra og móttökur fyrir ýmsa skólahópa. Margir viðburðir og fundir voru þar sem ekki voru á vegum safnsins. Salurinn hentar vel í margskonar starfsemi og viðburði. Starfsmenn safnsins halda þar vinnufundi og eiga þar oft fundi með þeim sem koma í þeim erindagjörðum að gefa merka muni á safnið eða eiga við starfsmenn önnur erindi. Stjórn safnsins heldur sína fundi í salnum. Gestabók er í Búðarstíg 22 og skrifuðu 358 í hana á árinu, einungis gestir Byggðasafns Árnesinga. Þeir sem komu vegna útleigu salar Búðarstígs 22 eru ekki í þessari tölu. Salur

Búðarstígs 22 er nauðsynleg stoð fyrir starfsemi safnsins og jafnframt góð aðstaða fyrir margskonar viðburði.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA ásamt kennsluréttindum, MA í hagnýtri menningarmiðlun og



Starfsfólk Byggðasafns Árnesinga sumarið 2025, frá vinstri: Freyja Katra, Lýður, Jóhanna N., Ragnhildur Elísabet, Ragna Fríða, Kristína, Guðrún, Sýlvía, Þórey, Linda, Ingibjörg og Guðlaugur.

viðbótar-diploma í safnafræði, *safnstjóri* í 100% stöðu. Lýður hefur starfað við safnið frá árinu 1992. Starfssvið safnstjóra er víðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, samhafir og skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Hann sinnir skráningu, uppsetningu sýninga, viðburðastjórnun, leiðsögn fyrir hópa og grípur í gæslustörf þegar þörf er á. Hann ber einnig ábyrgð á að viðhaldi húsakynna sé sinnt og sinnir málefnum Rjómabúsins á Baugsstöðum.

Linda Ásdísardóttir, íslenskufraeðingur BA og safnfræðingur MA, *safnvörður* í 100% stöðu. Starfar hún með safnstjóra og öðrum fagmenntuðum starfsmönnum að faglegum störfum safnsins. Linda hefur starfað við safnið frá 2008 með hléum. Starf Lindu er víðtækt og hefur með höndum verkefnastjórn á þeim verkefnum sem á borð safnsins koma. Hún sér um skráningu og umsýslu safnkosts. Linda hefur jafnframt séð um viðburðastjórn og um samfélagsmiðlana.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir íslenskufraeðingur BA, kennari og safnafræðingur MA kom til starfa 2. mars 2020. Starfsheiti hennar er *safnvörður* og starfar hún með safnstjóra og öðrum fagmenntuðum

starfsmönnum að faglegum störfum safnsins. Á árinu vann hún einkum að móttöku skólahópa, mótun fræðslustefnu safnsins og að uppsetningu sýninga safnsins. Hún er í 60% starfshlutfalli. Ragnhildur lét af störfum fyrir safnið í lok ársins og eru henni þökkud giftudrjúg störf í þágu safnsins á breytingatímum. Staðan var auglýst í lok ársins.

Sylvía Kristjánsdóttir, grafískur hönnuður hóf störf við safnið í ársbyrjun. Stöðuhlutfall hennar er 40%. Verkefni hennar er hönnun á sýningatextum og kynningarefni safnsins, einnig markaðssetning.

Fagmenntaðir starfsmenn Byggðasafns Árnesinga eru fjórir í þremur stöðugildum og starfa allt árið við að reka safnið. Auk þess voru eftirtaldir í hlutastörfum, aðallega við sýningargæslu og leiðsögn:

Freyja Katra Erlingsdóttir hefur starfað við safnið á sumrin frá 2013. Hún sá um að halda Rjórabúinu á Baugsstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst og tók á móti hópum á öðrum tímum. Hún sat jafnframt vaktir í Sjóminjasafninu og Húsinu.

Þórey Eypórsdóttir vann í gæslu og leiðsögn í Húsinu og Sjóminjasafninu yfir sumarið. Einnig um páskana, í október og á aðventu. Hún hefur aðstoðað við fleiri þætti í starfseminni eftir þörfum.

Ragna Fríða Sævarsdóttir háskólanemi sat vaktir í Húsinu og Sjóminjasafninu um sumarið.

Jóhanna Naomí Ragnarsdóttir framhaldskólanemi vann við gæslu í Sjóminjasafninu yfir sumarið.

Guðrún Magnúsdóttir vann við gæslu og leiðsögn einkum í Húsinu yfir sumarið og um haustið.

Ingibjörg Eiríksdóttir tók vaktir í maí til september í Húsinu og Sjóminjasafninu.

Kristina Sveinsson er ræstitæknir safnanna.

Guðlaugur Gunnar Jónsson var safninu mikil hjálparhella er kom að umsýslu safnmuna, einkum bifreiða og véla sem safnið varðveitir. Hann kom til starfa þegar mikið lá við.

Hjónin Ásmundur Þórir Ólafsson og



Heimafólk og gestir fyrir framan Húsið á blómatíma þess í byrjun 20. aldar. Ljósmynd Agnes Lunn /Byggðasafn Árnesinga.

Súsanna Torfadóttir sáu um umhirðu Kirkjubæjargarðs.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er öryggisvörður safnsins. Hann er fyrstur á vettvang ef það koma boð frá öryggiskerfum fjögurra safnhúsa.



Eggjaskúrin og útihúsin. Ljós Bjarki Guðmundsson.

Húsakynni

Tíu hús, stór og smá, tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öllu leyti. Engar breytingar urðu á húsnæðismálum safnsins á árinu 2025.

Húsið og Assistentahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrin og þrjú lítil útihús. Húsið, Assistentahúsið og útihúsin eru hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en rekin af Byggðasafni Árnesinga. Eggjaskúrin var endurbyggður árið 2004 af Byggðasafni Árnesinga.

Kirkjubær, timburhús byggt 1918, vestan Hússins á Eyrarbakka, var keyptur af safninu 2011, gerður upp og opnaður til sýningar 17. júní 2016.

Árið 2019 fjárfesti Byggðasafn Árnesinga í Búðarstíg 22 sem er 1704 fm að stærð. Búðarstígur 22 var gerður upp á árunum 2019 til 2021 og aðlagður að þörfum safnsins.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59 og Beitningaskúrin við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald búðarinnar og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% eigandi að Rjómabúinu á Baugsstöðum en safnið sér alfarið um rekstur Rjómabúsins fyrir hönd stjórnar þess.

Viðgerðir og viðhald

Viðamestu framkvæmdir ársins voru viðgerð á skorsteini Assistentahússins. Settur var upp vinnupallur og svo var skorsteinninn múraður upp á nýtt. Stefán Gísli Stefánsson múrarmeistari sá um viðgerðina en vinnupallinn settu upp þeir Stefán Bragi Sigurðsson og Guðjón Ingólfsson. Í leiðinni



Stefán G. Stefánsson múrarmeistari að störfum í lok júní.

lagfærðu Stefán Bragi og Guðjón ýmislegt smálegt við byggingarnar og tóku að lokum pallinn niður. Þetta var unnið í júlí. Styrkur kom frá Húsafriðunarsjóði til þessa verks.

Settur var mænir á þak Kirkjubæjar. Það gerðu bræðurnir Guðmundur og Gísli Kristjánssynir.


Salur Búðarstígs 22 var málaður fyrrihluta ársins.

GJ Tæki og fasteignir ehf, byggingafyrirtæki Gríms Jónssonar, lagfærði þak skemmu Búðarstígs 22 um sumarið en um haustið komu menn Gríms Jónssonar aftur og lagfærðu þakkanta á skrifstofuálmu Búðarstígs.

Og aftur að Búðarstíg 22: Láðst hafði að láta gera lokaúttekt á framkvæmdum 2019 til 2021. Lokaúttekin var svo loks gerð í árslok, öllum málsaðilum til mikillar ánægju. Engar athugasemdir komu fram við úttekina.

Skipt var um þakplötur á þaki Beitningaskúrsins við Eyrargötu. LASK-verktakar sáu um verkið sem Fasteignasvið Árborgar hafði umsjón með.

Árið 2012 fór Þjóðminjasafn Íslands að vinna að viðgerðum á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Viðgerðir stóðu yfir árin 2012 til 2017 en er ólokið. Engu þokaði áfram í viðgerðum útihúsanna en þrátt fyrir það eru sum þeirra notuð fyrir viðburði, stuttar sýningar, smíðjur og nestisaðstaða fyrir gesti.



Nýr Sarpur leit dagsins ljós á árinu 2025.

Skráningarkerfi, aðföng og gefendur

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í Sarpi, gagnagrunni íslenskra safna. Þar er um að ræða mjög vel heppnað samstarf íslenskra safna um samræmda skráningu á menningararfi hvort sem það eru munir, ljósmyndir, listaverk, þjóðhættir, fornleifar eða örnefni. Rekstrarfélag Sarps er undir verndarvæng Landskerfis bókasafna. Á árinu 2024 var unnið að því að skipta um hugbúnað Sarps en nýr hugbúnaður kemur frá þýska fyrirtækinu Zetcom GmbH sem keyrir kerfin MuseumPlus og eMuseumPlus. Kerfin munu leysa af hólmi núverandi hugbúnað sem dreif Sarp 3 og sarpur.is. Zetcom þjónustar þúsundir gagnasafna fyrir söfn um allan heim. Prófun hófst á nýja kerfinu snemma á árinu en í október tók nýr Sarpur við þeim gamla.

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti. Flestallir safngripir og ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest



Margt ber að safninu yfir háveturinn. Þriðjudaginn 18. febrúar bar góða gesti að garði. Þar voru á ferð systkinin Ragnheiður, Guðríður og Baldur Sveinsbörn frá Drumboddsstöðum í Biskupstungum og eiginkona Baldurs, Betzy Marie Davíðsson. Erindið var að færa safninu ljósmóðurtösku móður þeirra Magnhildar Indriðadóttur sem var ljósmóðir í Biskupstungum í marga áratugi.

minjasöfn landsins standa að. Allir með nettengda tölvu eða snjallsíma geta þannig skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að endurbæta skráninguna og mynda gripi og ljósmyndir fyrir Sarp.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp og þeir auðkenndir með safnmarki. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar. Við fullnaðarskráningu er tekin ákvörðun um varðveislu, gríðun eða afhendingu til annars safns.

Tekið var við 51 afhendingu við söfnin á árinu 2025, um 60 gripum. Nær eingöngu munir, en örfá skjöl og ljósmyndir. Óskum um viðtöku ljósmynda og skjala er að jafnaði vísað á Héraðsskjalasafn Árnesinga. Tekið er við gripum í samræmi við söfnunarstefnu safnsins.

Í árslok 2025 voru mörg aðföng frá 2021 til ársloka 2025 óskráð í Sarp og má fljótlega vænta átaks í skráningu síðustu ára. Hluti þessara aðfanga var þó skráður á árinu.

Fjöldi færslna í ytri gátt Sarps hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2025: Aðföng voru alls 15.429, þar af 7.614 munir, 915 fornleifar, 6.667 ljósmyndir, 25 listgripir og ein teikning. Í þessum tölum eru innifaldir munir og ljósmyndir Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, Byggðasafns Ölfuss og Tónminjaseturs Íslands. Verið er að ganga frá safnmunum Byggðasafns Ölfuss til varðveislu og eru þeir þá jafnframt myndaðir fyrir Sarp.

Í innri gátt Sarps eru að auki jarðskjálftasögur frá 2008 og ýmsir gripir og ljósmyndir sem ekki eiga erindi á netið.

Unnið er öðru hverju við að setja ljósmyndir af munum og gömlum ljósmyndum í Sarp svo að safnkostur verði sýnilegur á netinu.

Merkir munir bárust safninu, en ýmsu öðru var hafnað móttöku. En meðal merkra gripa sem safnið tók við má nefna: Barnavagn úr fórum Jóns Sigurðssonar í bifreiðaeftirlitinu og konu hans Sigríðar Guðmundsdóttur frá Hurarbaki, tjald gert af Magna sem var tjaldagerð í Hveragerði, merki Kaupfélags Árnesinga ásamt ljósmynd af fyrsta stjórnarformanni Ágústi Helgasyni í Birtingaholti, alinmál frá Högnastöðum í Hrunamannahreppi, ljósmóðurtaska Magnhildar Indriðadóttur á Drumboddsstöðum í Biskupstungum, hnakkur smíðaður af Sigurði Gíslasyni í Kolsholti í Flóa, margar nótnabækur úr fórum Kristúnar Hallgrímsson ættaðar úr Húsinu á Eyrarbakka, vefstóll frá Tannastöðum í Ölfusi, hárpurrka Katrínar Bjarnadóttur á Selfossi, lækningaáhöld frá Heilbrigðisstofnuninni á Selfossi og bollastell sem voru verðlaun fyrir kynbótahryssuna Vindu (f. 1943) á Laugum í Hraungerðishreppi.

Og í ársskýrslu 2024 var greint frá Gistihúsbílnum ÁR-67. Hann var afhentur safninu til varðveislu 21. júní. Gefendur voru María og Sigurður Óli Guðbjörnsbörn annarsvegar og Sigríður Dagný Ólafsdóttir ekkja Erlings Ævars Jónssonar sem gerði bílinn upp ásamt Guðbirni Frímannssyni mjólkurbílstjóra. Sigurður E. Steinsson, dóttursonur Guðbjörns, flutti ávarp fyrir hönd gefenda og Lýður Pálsson safnstjóri þakkaði fyrir gjöfina með stuttri tölu. Byggðasafn Árnesinga þakkar höfðinglega gjöf.



Gistihúsbílinn ÁR-67 var afhentur safninu á árinu.

Aðföng 2025. Eftirtaldir afhentu muni til safnsins: Þórunn Gunnarsdóttir, Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, Gísli Jónsson, Baldur I. Sveinsson og systur, Ásrún Björgvinsdóttir, Lýður Pálsson, Birna Bjarnþórsdóttir, Guðmundur Búason, Hafdís Brandsdóttir, Kristín Eiríksdóttir, Kristín Þórarinsdóttir, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Guðrún Tryggvadóttir og systur frá Hróarsholti, Selfosskirkja, Þorgils Jónasson, Signý Jörundsóttir, Sóley Andrésdóttir og Björgvin Njáll Ingólfsson, Sigríður H. Sigurðardóttir, Kristín Bragadóttir, Sesselja Gunnarsdóttir, Áslaug Kristín Ásgeirsdóttir, Guðbjörg Guðjónsdóttir, db. Jóna Ásmundsdóttir, Elín Sigrún Guðmundsdóttir, Sigríður Káradóttir, Jóhann Jóhannsson, Bjarnfinnur Ragnar Jónsson, Jóhanna G. Hafliðadóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Katrín Jónína Björgvinsdóttir, Emma Eypórsdóttir, Sigurlín Eiríksdóttir og Sigurður Steindórsson, Jón Gunnar Valdimarsson, Magnús Karel Hannesson og Inga Lára Baldvinsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Gunnlaugsson og Helga Guðrún Guðmundsdóttir, Katrín Bjarnadóttir, Ingólfur Hjálmarsson, systkinin Sigurbjörg, Anný og Guðmundur Ingimarsbörn frá Vorsabæjarhjáleigu, Karólína Guðmundsdóttir, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Guðmundur Einarsson og Svavar Sigmundsson.



Lýður Pálsson safnstjóri og Guðmundur Búason kaupfélagsstjóri með merki KÁ á milli sín.

Aðstaða til varðveislu

Varðveisluaðstaða Byggðasafns Árnesinga er í rúmgóðum og snyrtilegum söllum í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Þar hefur safnið verið með varðveisluaðstöðu frá 2020 og frá 2021 alfarið. Þar fer vel um safnkostinn og aðstaða framúrskarandi til rannsókna og annarrar umsýslu safnmuna.

Unnið er að staðsetningaskrá fyrir muni safnsins, þó er beðið nýrra lausna í nýrri gerð gagnagrunnsins Sarps.

Á vegum Safnaráðs var hleypt af stað verkefni um viðbragðsáætlanir þar sem öll söfn landsins kom sér upp áætlun fyrir hvert safnhús þegar vá ber að höndum. Byggðasafn Árnesinga útbjó viðbragðsáætlanir fyrir þrjú safnhús: Búðarstíg 22, Eyrargötu 50 og Túngötu 59.

Rannsóknir og miðlun rannsókna

Á árinu 2025 voru rannsóknir margþættar og mátti sjá árangurinn á sérsýningum safnsins.

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.



Ljósmynd af sýningunni Yfir beljandi fljót, hestar á sundi. Ljós. Óþekktur/Hjss Árn.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið *Húsið á Eyrarbakka* sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna áratugi. Enn er að safnast í þann sarp.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð frá árinu 2012. Afrakstur þess rannsóknarstarfs var í fróðlegum sýningartexta í Kirkjubæ þar sem fjallað var um sögu hússins og bjartsýns samfélags á millistríðsárunum.

Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Sumar þeirra, t.d. jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynslu fólks af sínum samtíma.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þess í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum, samfélagsmiðlum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á samfélagsmiðlum er afrakstur rannsóknarstarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum hópum á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Ótalin eru fræðastörf sem faglegir starfsmenn sinna í krafti menntunar sinnar. Lýður Pálsson hefur stundað leiðsagnir í langferðabílum um Flóann.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður hefur nýtt þekkingu sína af fræðslu og kennslu við miðlun og rannsóknir í safninu. Í mars 2020 var lögð fram fræðslustefna Byggðasafns Árneseinga þar sem lögð er áhersla á samstarf safnsins við kennara og stjórnendur skóla héraðsins við gerð og þróun hinna ýmsu fræðsluverkefna sem kallast á við viðfangsefni nemenda í sínu námi. Markmiðið er að safnið og safnkostur þess gagnist skólastarfinu og nærsamfélaginu. Sömuleiðis að leggja grunn að lifandi samstarfi og tengslaneti safnsins við skóla á öllum skólastigum í héraðinu.

Linda Ásdísardóttir hefur lagt rækt við rannsóknir á sögu ljósmyndara, einkum kvenna sem stunduðu ljósmyndatöku fyrr á tímum. Hún sinnir jafnframt rannsóknum í tengslum við sýningar safnsins og skráningu nýrra aðfanga.

Lýður Pálsson rannsakaði Þuríðarbúð og sjósókn fyrrum við Suðurströndina vegna fyrirlesturs í mars.

Sýningin *Yfir beljandi fljót* kallaði á mikla vinnu á vetrar- og vormánuðum í rannsóknum á samgöngum áður en vegir og brýr komu til sögunnar. Lýður, Ragnhildur og Linda leituðu víða fanga og afraksturinn sýning í upphafi sumars. Rannsóknarverkefninu er ekki lokið, næstu 1-2 árin munu starfsmenn safnsins halda áfram að rannsaka samgöngusögu héraðsins með áherslu á ferjustaði, vöð og gamlar reiðleiðir.



Þuríðarbúð varð rannsóknarefni safnsins á árinu. Ljósm. Bjarki Guðmundsson.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2025

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á sér stað í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka, Kirkjubæ, Beitningaskúrnum við Óðinshús og í Sjóminjasafninu að Túngötu 59. Safngripir frá Byggðasafni Árnesinga eru lánaðir á 11 staði á Suðurlandi. Er það liður í miðlun safnsins. Aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga er sýnileg í ytri gátt Sarps og því einnig liður í miðlun safnsins. Ákveðið rými í safnhúsunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis viðburðum sem í boði voru á söfnunum. Viðburðir urðu ýmist sýningaropningar, tónleikar, upplestrar, fyrirlestrar og þjóðbúningahátíð.



Stásstofan og pelargóniurnar.

Þorrasýning. Allt frá 1986 hefur safnið boðið leikskólum og yngstu bekkjum grunnskólans að koma á þorra til að fræðast um hvernig unnið var úr mjólkinni í gamla daga með aðstoð myndaflokksins „Í dagsins önn“ og viðeigandi safnmuna. Þorrasýningin var í borðstofunni frá byrjun þorra og fram í góu. Safnstjórinn sá um sýninguna eins og hann hefur gert frá árin 1993.

ENDUR(Á)LIT – raddir unga fólksins

Á páskaýningu Byggðasafns Árnesinga voru til sýnis áróðursveggspjöld, unnin af nemendum í grafískri miðlun í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Á hverjum degi endurmótar unga fólkið heiminn. Hugmyndaflug, sköpunarkraftur og framfarir! Á safninu, í fortíðinni sjálfri ómuðu raddir framtíðarinnar á sýningunni ENDUR(Á)LIT. Fjölmenni var við opnun. Spjöldin vöktu mikla athygli og ljóst að framtíðin er björt ef hún er hjá þessu unga fólki.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Ágústu Ragnarsdóttur, kennara og nemendahóp vorannar í grafískri miðlun (NÝMI2GM05). Sýningin var opin til maíloka.



Ágústa Ragnarsdóttir grafískur hönnuður og myndlistarkennari FSu ávarpar sýningargesti á opnun Endurálits.

Páskaeggjaverkstæði

Litríkt eggjaverkstæði opnaði í gamla fjárhúsinu á baklóð Hússins sunnudaginn 13. apríl. Ungir og gamlir safnagestir máluðu og skreyttu hænuegg í tilefni páska. Allt efni var á staðnum, smiðjan var sjálfbær og opin á sama tíma og safnið. Nesbú-egg ehf gáfu egg til verkstæðisins.

Uppspretta – myndlistarsýning MÝKÓ í sal Búðarstígs 22.

Þann 26. apríl opnaði myndlistarsýning níu kvenna í sal Búðarstígs 22. Mýkó hópurinn samanstendur af konum sem eiga það sameiginlegt að hafa stundað myndlistarnám í Myndlistarskóla Kópavogs. Þær voru Svanlaug Aðalsteinsdóttir, Eva Björk Karlsdóttir, Ragnheiður Lóa Björnsdóttir, Sara Hilmarsdóttir, María Rós Karlsdóttir, Elín G. Helgadóttir, Gréta Sörensen, Sólveig Ragnheiður Kristinsdóttir og Katrín Ósk Þorgeirsdóttir, þær tvær síðastnefndu búsettar á Selfossi en hinar eru af höfuðborgarsvæðinu. Sýningin var á þeirra vegum og opin tvær helgar.

Leiðsögn um Gullspor

Lýður Pálsson safnstjóri var með leiðsögn um sýninguna „Gullspor“ á Sjóminjasafninu á Eyrarbakka sunnudaginn 27. apríl. Sýningin fjallar um handverk gull- og silfursmiða í Árnassýslu á 19. og 20. öld en ótrúlega margir störfuðu þá í greininni. Lýður sagði frá bæði þekktum smiðum líkt og Oddi Oddssyni og Ebenezer Guðmundssyni sem störfuðu á Eyrarbakka en einnig smiðum í sýslunni eins og Magnúsi Einarssyni í Hnausi í Flóa sem smíðaði sjö ljósahjálma í kirkjur Suðurlands á shl 19. aldar.



Sunnulækjaskóli í heimsókn.

Blóm í mold

Blómstrandi, nærandi og sumarleg smíðja var í gamla fjárhúsinu á sumardaginn fyrsta og næstu daga á eftir 🌻🌸 Gestir fengu fræ í afgreiðslu Hússins og í fjárhúsinu var allt til staðar til að koma fræum í mold sem urðu síðar að sumarblómum.

Vor í Árborg

Öll sýningarhús og allar sýningar voru opnar dagana 24.-27. apríl og ýmislegt skemmtilegt í boði. Safnið var vel sótt þessa daga.

Alþjóðlegi safnadagurinn 18. maí

Ókeypis var í öll sýningarhús okkar; Húsið, Sjóminjasafnið, Kirkjubæ og Eggjaskúr sunnudaginn 18. maí í tilefni af Alþjóðlega safnadeiginum. Fjöldi safna á Íslandi hélt upp á daginn með margvíslegum hætti. Yfirskrift dagsins þetta árið var "Framtíð safna í síbreytilegum samfélögum".

Fjölmargir skólahópar í lok skólaársins

Sumarið kom og skólahóparnir okkar líka! Þá tóku starfsmenn safnsins á móti um tvö hundruð nemendum úr Árnessýslu. Þessir öflugu, fróðleiksfúsu, skemmtilegu og kláru krakkar, úr fjórða bekk, lærðu um gömlu íslensku þjóðhættina í skólunum sínum og fylgdu því eftir með heimsókn til okkar á safnið. Þau fóru um safnasvæðið í litlum hópum, í nokkurs konar hringekju og fengu að kynnast og snerta á alls kyns verkum sem tilheyra tilverunni sem einu sinni var. Það var líf og fjör þegar þau stoppuðu hjá okkur og allt iðaði af lífi!

Yfir beljandi fljót

Þann 20. júní opnaði sýningin „Yfir beljandi fljót“ í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Sýningin fjallar um sögu fólks sem ferðaðist gangandi og ríðandi á tímum þegar ár og vötn klufu sveitir Árnessýslu. Fólk ferðaðist um rótgrónar þjóðleiðir og fór yfir árnar í ferjum eða á vöðum. Oft þurfti að fara langa króka til að komast á milli staða þar sem ófært var yfir ár, vötn og mýrar. Að vetri var oft hægt að fara yfir á ís. Á sýningunni er varpað ljósi á ferðamáta fólks, ferðaútbúnað, skófatnað, reiðtygi og síðan en ekki síst sjá gestir sögubrot og sagnir sem tilheyrðu þessum tíma. Margar frásagnir hverfast eðlilega um árnar í sýslunni sem voru miklir farartálmir eins og Ölfusá, Sogið, Brúará, Hvítá og Tungufljót og svo Þjórsá á sýslumörkum. Ljósmyndir sem prýða sýninguna eru nokkrar úr safneign en flestar eru fengnar úr öðrum söfnum enda mikið fágæti.



Glímukapparnir Jón M. Ívarsson og Helgi Kjartansson við sýningaropnun.



Við Óseyrarnes um aldamótin 1900. Ljós. Tempest Anderson / Þjms.



Stúlkur úr HSK glíma í garði Hússins á Jónsmessuhátíð Eyrarbakka.

Rétt fyrir aldamótin 1900 voru stærstu árnar, Ölfusá og Þjórsá, brúaðar og var það bylting sem kollvarpaði samgönguháttum og til langs tíma olli breytingum á samfélaginu í takt við allar aðrar breytingar til nútímahátta. En eftir lífa margar ótrúlegar sögur af ferðalögum fólks sem barðist oft við óblíða náttúru og krefjandi aðstæður.

Sýningin og rannsókn á efninu var alfarið unnin af fagmenntuðu starfsfólki Byggðasafns Árnesinga. Verkefnið fékk styrk frá Safnaráði. Sýningin stóð til septemberloka auk þess sem hún lifir næsta sumar í með örsýningum og viðburðum. Sýningaopnun var fjölsótt og sýningin fékk gott umtal.

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga var þátttakandi í hinni árlegu Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka sem þorpsbúar standa að með myndarlegum hætti. Jónsmessuhátíðin var haldin laugardaginn 21. júní. Safnið var opið og margt um dýrðir. Safnið bauð upp á þessa liði:

Glíma í garði Hússins. Glímuráð HSK stóð fyrir glímusýningu.

Gamli slökkvibíllinn og Mundakots-Fergusoninn voru á ferðinni.

Gistihúsbíllinn var falinn Byggðasafni Árnesinga til varðveislu.

Brúðuleikhús í Assistentahúsinu á vegum Skapandi Árborgar.

Andlitsmálning í fjárhúsinu.

Myndasýning í Kirkjubæ.



Brúðuleikhús Skapandi Árborgar í Assistentahúsinu á Jónsmessu.

Hópsöngur í stásstofu Hússins á Eyrarbakka var um kvöldið og stýrði Heimir Guðmundsson söngnum af sinni allkunnu snilld.

Félagar úr **Þjóðbúningafélagi Íslands** komu og settu sérstakan svip á hátíðarhöldin.

Eyri opið gestum

Í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands var almúgahúsið Eyri (Eyrargata 39A) opið gestum. Jónína Óskarsdóttir var leiðsögumaður og sagði sögu hússins og fyrri íbúa. Eyri var opið alla sunnudaga í júlí og var tekinn aðgöngueyrir en einnig mátti framvísa ársmiðum Byggðasafns Árnesinga.

Eyri var byggt árið 1907 af Sigurði Gíslasyni smið á Eyrarbakka sem bjó í húsinu til 1910 en seldi það þá hjónunum Guðfinni Þórarinssyni formanni frá Nýjabæ á Eyrarbakka og Rannveigu Jónsdóttur húsfreyju og verkakonu frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka. Guðfinnur fórst með bát sínum Sæfara ÁR-69 ásamt sjö manna áhöfn í innsiglingunni á Eyrarbakka 5. apríl 1927. Rannveig bjó áfram á Eyri til dauðadags 8. september 1965. Börn þeirra, Hanna og Óskar, eignuðust þá húsið sem þá varð að sumarbústað. Síðar komst húsið í eigu barna Óskars og Hallveigar Ólafsdóttur sem seldu Ríkissjóði húsið árið 2020 og er það nú í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.



Frá því að Rannveig Jónsdóttir féll frá 1965 gættu afkomendur hennar og Guðfinns þess að viðhalda minningu þeirra með því að halda húsinu vel við og breyta í engu innri gerð þess. Húsið er óvenjulega vel varðveitt að innan, í mörgu upprunalegt og í því er upprunalegur húsbúnaður að hluta til. Húsið er í góðu ástandi en fyrir sjö árum var skipt um bárujárn og flesta glugga en glugginn á vesturgafli er þó upprunalegur frá 1907. Eyri er mikilvægur hluti götummyndar Eyrargötu og stendur meðal húsa frá því í byrjun 20. aldar. Ekkert annað timburhús af alþýðugerð er í húsasafni Þjóðminjasafnsins.

Ratleikur á ensku

Í júlí kom út ratleikur um safnið á ensku. Í nokkur ár hefur ratleikur fyrir íslenska unga gesti verið boðinn gestum. En nú geta erlendir ungir gestir einnig spreytt sig á ratleikum sem teigir sig um allar sýningar Byggðasafns Árnesinga.

Sellótónleikar

Sunnudaginn í verslunarmannahelgi þann 3. ágúst kl. 15 kom Katrín Birna Sigurðardóttir, mastersnemi í sellóleik, í stásstofu Hússins á Eyrarbakka og hélt sellótónleika með fjölbreyttri dagskrá við allra hæfi.

Einnig var með henni Elísabet Anna Dudziak fiðlunemi. Þær stunda báðar tónlistarnám við Tónlistarháskólann í Árósum. Stásstofa Hússins með sínum töfrum hefur verið uppspretta tónmenningar í gegnum tíðina og margar frásagnir hafa varðveist

um tónlist í þessu aldna faktorssetri. Gestir nutu fagarar tónlistar í sögulegu umhverfi og það var þétt setið í stásstofunni. Tónleikarnir voru hluti af verkefninu „Selló á ferð um Suðurland“ og styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurlands.



Húsið safn í þrjátíu ár

Þriðji ágúst 2025 var merkur í sögu Byggðasafns Árnesinga en þá voru þrjátíu ár liðin síðan



Ingi S. Ingason ásamt barnabarni að tína kúmen.

Byggðasafn Árnesinga opnaði Húsið fyrir almenningi með nýrri grunnsýningu. Og einnig varð Húsið 260 ára gamalt í sumar. Lýður Pálsson safnstjóri minntist þessara tímamóta í upphafi tónleika Katrínar Birnu og Elísabetar Önnu með stutttri tölu. Annað var ekki gert til hátíðarbrigða.

Kúmensmiðja

Sunnudaginn 10. ágúst var tínt kúmen á safnasvæðinu umhverfis Húsið á Eyrarbakka. Gestir fengu lauflétta leiðsögn um hvernig best er að tína kúmenið og

hvernig má nota það. Í fjárhúsinu var allt til staðar sem þurfti til tínslunnar, skæri og pokar.

Kúmensmiðjan var vel sótt. Kúmen má finna á sjóvarnargarðinum og við Kanínugarðinn. Byggðasafn Árnesinga með Lindu Ásdísardóttur í fararbroddi hefur haldið fast í að viðhalda þessum gamla sið að tína kúmen til að bragðbæta kaffi og fleira.

Minningabekkur um Vesturfara

Föstudaginn 29. ágúst var vígsla á nýjum minningabekk við Byggðasafn Árnesinga fyrir framan Húsið á Eyrarbakka. Félagið Icelandic Roots vann í samstarfi við safnið og Sveitarfélagið Árborg, að skilti á bekk til heiðurs Íslendingum sem fluttust burt til Norður Ameríku á tímabilinu 1854-1914.



Klippt á borða, Bragi bæjarstjóri og Sunna.

Stærsta bylgja vesturheimsferða hófst árið 1870 þegar fjórir ungir menn sem flestir tengdust Húsinu, fóru frá Eyrarbakka vestur um haf og settust að á Washington-eyju á Michican-vatni. Tveimur árum síðar fóru 15 Eyrbekkingar til Ameríku. Þeirra á meðal voru verðandi prestar, Páll Þorláksson, „faðir Íslendingabyggðarinnar í Dakota“, og kaupmannssonurinn Hans Baagöe Thorgrímsen sem ólst upp í Húsinu. Hans Baagöe var ástsæll prestur sem átti þátt í að koma á fót kirkjum í Norður-Dakóta, þar á meðal Víkurkirkju, elstu kirkju Norður-Ameríku. Árið 1875 hófust ferðir til Winnipeg í Kanada.

Við athöfnina bauð Lýður Pálsson safnstjóri gesti velkomna, svo tóku til máls Bragi Bjarnason bæjarstjóri Árborgar og Sunna



Olafson Furstenau forseti Icelandic Roots. Svo var bekkurinn afhjúpaður. Hönnuður minningarskiltisins er Sylvía Kristjánsdóttir. Guðlaugur Gunnar Jónsson gerði upp bekkinn.



Þjóðbúningahátíð 12. október. Eyrún Olsen fyrir miðri mynd.

Icelandic Roots er áttahagafélag sem varðveitir tengsl, tungumál og menningararf Íslendinga í Vesturheimi. Félagið hafði veg og vanda af þessum minningarbekk. Eyrarbakki hefur þá núna bæst í hóp þeirra bæja og þorpa sem minnst Vesturfara. Á árunum 1854 – 1914 er talið að um 17.500 manns hafi yfirgefið Ísland í leit að nýju lífi, þar af lögðu mörg hundruð manns upp frá Eyrarbyggð.

Sveitarfélagið Árborg bauð upp á kaffi og kleinur á Stað eftir vígslu við Húsið. Verkefnið var samstarfsverkefni Icelandic Roots, Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar.

Menning í október

Í október stóð Byggðasafn Árnesinga fyrir fjölbreyttri dagskrá í Menningarmánuði Árborgar. Boðið var upp á leiðsagnir um sumarsýninguna „Yfir beljandi fljót“, ratleik á sunnudögum, ljósmyndasýningu, fræðandi fyrirlestra í Varðveisluhúsinu og sérstaka viðburði á vegum Þjóðbúningafélags Íslands og Leikfélags Eyrarbakka. Safnið var opið alla sunnudaga í október frá kl. 13–17. Eftirtaldir viðburðir voru:

5. október: Leiðsögn Lýðs Pálssonar um sýninguna „Yfir beljandi fljót“ í Húsinu.

12. október: Þjóðbúningafélag Íslands hélt glæsilega dagskrá sem hófst í Varðveisluhúsi með móttöku og erindum. Þaðan var skróðganga með fornbílum og gamalli dráttarvél að Sjóminjasafninu þar sem kynnt var þjóðbúningaskart. Kaffi var í Húsinu.

18. október: Leikfélag Eyrarbakka sýndi kvikmyndaútgáfu af leiksýningunni „Stöndum saman“ í Varðveisluhúsinu að Búðarstíg 22. Persónur úr verkinu mættu á staðinn og boðið var upp á popp og kók.

19. október: Leiðsögn Lindu Ásdísardóttur um sýninguna „Yfir beljandi fljót“ í Húsinu.



Inga Lára og Magnús Karel með verðskuldaða viðurkenningu fyrir menningarstarf í þágu samfélagsins.

Þorpsbúar – ljósmyndasýning: Ljósmyndir Lindu Ásdísardóttur af Eyrbekkingum frá 2003 voru endursýndar í Kirkjubæ. Verkefnið var hugmynd Ingu Láru Baldvinsdóttur og styrkt af Kvenfélagi Eyrarbakka.

26. október: Fyrirlestur Ingu Láru Baldvinsdóttur og Magnúsar Karels Hannessonar um horfin hús á Eyrarbakka, byggt á bók þeirra „Eyrarbakki byggð í mótun“. Í Varðveisluhúsi.

2. nóvember: Fyrirlestur Margrétar Hallmundsdóttur um fornleifarannsóknir á Þingvöllum frá 19. öld til dagsins í dag. Í Varðveisluhúsi.

Góð aðsókn var að flestum viðburðunum í október. Til að mynda var mikill fjöldi í þjóðbúningaskróðgöngu og út úr dyrum á safninu þegar Inga Lára og Magnús Karel fluttu fyrirlestur sinn „Sögu horfinna húsa á Eyrarbakka púslað saman.“ Þeim hjónum var síðan veitt Menningarviðurkenning Árborgar við hátíðlega athöfn fyrir að hafa

„á undanförunum áratugum auðgað menningarlíf í sveitarfélaginu svo sómi er að“ eins og segir í fréttatilkynningu sveitarfélagsins. Byggðasafn Árnesinga hefur notið ráðgjafar og starfskrafta þeirra hjóna áratugum saman og við á safninu óskum þeim innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu. Síðasti viðburðurinn var fyrirlestur Margrétar Hallmundsdóttur sem fræddi gesti um fornleifar á Þingvöllum og þá þróun sem hefur orðið í rannsóknum og skráningu.

Marína Ósk með stásstofutónleika

Sunnudaginn 9. nóvember bauð djasssöngkonan Marína Ósk Þórólfsdóttir til tónleika í stásstofu Hússins á Eyrarbakka í samvinnu við safnið. Góður rómur var gerður af einlægri og hlýrri tónlist



Marína Ósk í stásstofunni.

hennar í þéttsetinni stofunni. Marína lék og söng íslenska dægurtónlist úr ýmsum áttum í bland við eigið efni. Hún starfar sem söngkona í fullu starfi auk þess að kenna við Listaháskóla Íslands. Fyrir stuttu flutti Marína Ósk ásamt manni sínum á Eyrarbakka.

Jólin eru okkar

Jólaandinn sveif yfir vötnunum í Byggðasafni Árnesinga á aðventu og safnið bauð gesti innilega velkomna. Gömul jólatré skreytt lyngi og ljósum, kórsöngur, ljúf stofustemning, barnabókastund, músastigar og jólasveinabréður í felum. Allt þetta og miklu meira var hægt að upplifa á aðventunni í Húsinu á Eyrarbakka, ókeypis og með styrk Uppbyggingasjóðs Suðurlands. Opið var á safninu sunnudagana 30. nóvember, 7. og 14. desember eftir hádegi og eitthvað nýtt var á dagskrá alla þessa daga. Jólasýningin var á sínum stað og okkar dýrmætu gömlu jólatré voru í forgrunni. Á sama tíma var jólatorgið á Eyrarbakka opið þar sem margt var í boði.



10. bekkingar BES skreyta fornt jólatré.

Fimmtudaginn 27. nóvember heimsóttu nemendur 10. Bekkar Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka, sem er áralöng hefð. Þar er eftirlíking af elsta jólatré landsins skreytt af nemendum. Upprunalega tréð er frá árinu 1873 og er frá Hruna. Nemendum var boðið uppá jólatónlist af hljómplötum, heitt kakó og piparkökur. Yndisleg hefð og við þökkum kærlega fyrir okkur.

Hin hefðbundna „Skáldastund í Húsinu“ var sunnudaginn 30. nóvember en þá komu rithöfundar sér vel fyrir í stásstofunni og lásu úr nýútkomnum verkum sínum. Boðið var upp á ólíka höfunda sem allir hafa getið sér gott orð fyrir ritverk sín hvort sem það voru spennusögur, skáldsögur, skáldæfisögur, smásögur eða ljóðagerð. Þeir höfundar sem heimsóttu okkur í ár voru Bjarni M. Bjarnason, Hrafn Andrés Harðarsson, Nína Ólafsdóttir, Sigríður Hagalín Björnsdóttir, Pjetur Hafstein Lárusson og Þórunn Valdimarsdóttir.



Skáldin 2025. Pjetur, Bjarni M., Hrafn Andrés, Sigríður Hagalín, Þórunn Erla og Nína.

Sunnudaginn 7. desember ríkti látlaust og hlýlegt andrúm þar sem hægt var að njóta friðsællar stundar við að föndra músastiga og narta í piparkökur.



Nanna Rögnvaldardóttir les í bláu stofunni.

Sannkölluð jólaveisla var í safninu sunnudaginn 14. desember en þá kom Nanna Rögnvaldardóttir og var með áhugaverða barnabókastund þar sem hún las í úr verðlaunabarnabók sinni *Flóttinn á norðurhjarann*. Hún hlaut Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur 2025 fyrir handritið, og bókin kom svo út hjá Forlaginu. Unglingakór Selfoskirkju undir stjórn Edit Molnár flutti



Falleg jólaupstilling í fjárhúsinu.

jólalög og orgelsmiðurinn Björgvin Tómasson færði okkur tónlistarundur lírukassans. Jólasýningin rómaða var auðvitað opin.

Á vetrarsólstöðum sunnudaginn 21. desember opinberaði safnið einn jólaglugga sem er hluti af jólaleik Árborgar. Leikurinn gekk út á að finna bókstafi í ólíkum gluggum um allt sveitarfélagið og raða þeim inn í orðagátu.

Árið 2025 var enn einn vitnisburður um það hvað safn með stórt hjarta getur skapað. Þrátt fyrir að vera aðeins þrjú að störfum tókst okkur að halda úti fjölbreyttri, faglegri og lifandi dagskrá allt árið, þar sem sögur, listir, menning og samfélag fléttuðust saman. Viðburðirnir voru vel sóttir, samstarfið víðtækt og gestir á öllum aldri fundu sér eitthvað við sitt hæfi. Með þakklæti til þeirra sem lögðu leið sína til okkar horfum við björtum augum til næsta árs og þeirra tækifæra sem bíða.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Stjórn Byggðasafns Árnesinga fer með yfirstjórn safnsins. Eignasvið Árborgar hefur umsýgn með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.

Í Sjóminjasafninu eru munir frá Eyrarbakka með áherslu á sjósókn, iðnað og félags- og menningarsögu síðustu 100 ára. Stærsti og merkasti safngripurinn er áráskipið Farsæll, sem Steinn Guðmundsson skipasmiður á Eyrarbakka smíðaði fyrir Pál Grímsson, útvegsbónda í Nesi í Selvogi. Steinn var helsti skipasmiður á Suðurlandi í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar og smíðaði hann yfir 400 skip og báta á sínum starfsferli. Farsæll er tólfróinn teinæringur með sérstöku lagi, sem Steinn innleiddi á báta sína



Skipt um þakplötur á Beitningaskúrnum.

og kennt hefur verið við hann og nefnt Steinslag. Það bátalag tók mið af aðstæðum í brimversstöðvunum á Suðurlandi, Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og Selvogi, og þótti henta mjög vel þar. Einnig eru sýnd veiðarfæri og búnaður sjómanna bæði frá árabátatímanum og upphafi vélbátaútgerðar. Upphaf handiðnaðar í þéttbýli á Suðurlandi var á Eyrarbakka og sýndir eru munir frá bakara, gullsmið, úrsmið, beyki og söðlasmið. Sjóminjasafnið á gott ljósmyndasafn sem varðveitt er að Búðarstíg 22.

Á árinu 2024 var í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka sett upp örsýningin „Gullspor“, um gull- og silfursmiði í Árnessýslu. Sýningin kvíslast um safnið með sporum þar sem gull- og silfursmiðir auk viðeigandi fróðleiks eru kynnt. Sýningin var tekin niður í lok sumars 2025.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta. Samtökin halda úti vefsíðunni www.sjominjar.is og eru með reikning á Facebook. Á vegum SÍS hefur verið unnið að gerð ítarlegrar bátaskrár sem kom út á árinu og eru sex bátar frá Sjóminjasafninu þar listaðir upp. Unnið er að gerð skráar yfir báta í einkaeigu. Safnstjóri er gjaldkeri samtakanna.

Beitningaskúrinn sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta stundum við í Beitningaskúrnum. Sýningin í Beitningaskúrnum vekur athygli á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuaðferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrinn var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útflettur bátur á vesturhlið hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrinn vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit. Huga þarf að umhverfi Beitningaskúrsins til framtíðar.

Bárujárnsplötur á þaki Beitningaskúrsins voru endurnýjaðar um sumarið. LASKI-verktakar sáu um verkið sem unnið var fyrir Framkvæmdasvið Sveitarfélagsins Árborgar.

Gamla slökkvibílnum, sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, er haldið við og er hann gangfær. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Hann er varðveittur í grófmunasal Búðarstígs 22 og er ekið um á tyllidögum. Einnig er vörubíll Ólafs Guðjónssonar í Mundakoti varðveittur af safninu, Ford árgerð 1942

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar.



Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær var gerður upp og opnaður 17. júní 2016 með sýningunni „Draumur aldamótabarnsins“ um líf alþýðunnar 1920-1940. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga var varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934.

Kirkjubær er opinn á sama tíma og Húsið. Skemma Kirkjubæjar nýtist vel í safnakennslu en þar fá nemendur gjarnan leiðsögn og sýnikennslu í tóvinnu. Garðurinn umhverfis Kirkjubæ er vin í þorpinu.

Rjórabúið á Baugsstöðum

Í hálföld hefur Rjórabúið á Baugsstöðum verið starfrækt sem safn en það var opnað þannig með pomp og pragt í júní 1975 að viðstöddum Kristjáni Eldjárn forseta Íslands og Guðrúnu Andrésdóttur starfskonu í rjórabúinu í fjóra áratugi.

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjórabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjórabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Freyja Katra Erlingsdóttir sá um gæslu í rjórabúinu um helgar í júlí og ágúst. Lýður Pálsson safnstjóri sinnir húsvarðarstörfum þar til annar fæst í það mikilvæga starf. Guðlaugur Gunnar Jónsson var einnig til aðstoðar. Lýður tók einnig á móti hópum.

Í stjórn Rjórabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari. Stjórnin fundar sjaldan en framkvæmdastjórn er í höndum Lýðs safnstjóra.

Til sölu í rjórabúinu er ritið Rjórabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Samsetning gesta er að mestu leyti Íslendingar á öllum aldri, en á síðustu árum hefur erlendum gestum fjölgað.



Gestir ársins 2025 voru 214. Gestir ársins 2024 voru 192. Gestir ársins 2023 voru 291. Gestir ársins 2022 voru 281 talsins. Gestir ársins 2021 urðu 211 talsins. Gestir Covid-ársins 2020 voru aðeins 81. Gestir ársins 2019 voru 250 talsins. Gestir ársins 2018 voru 475 alls. Gestir ársins 2017 urðu 437 talsins. Þeir voru aðeins 183 árið 2016. Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjórabúið á Baugsstöðum en 602 gestir árið 2009.

Rjórabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga sem hluti af sýningarhúsum safnsins og kynnt með ýmsum öðrum hætti.

Stjórn Rjórabúsins á Baugsstöðum telur eðlilegt að starfsemin fari alfarið undir Byggðasafn Árnesinga. Öll rök lúti að því og rjórabúið fjárhaglega sjálfbært. Til þess að svo geti orðið þarf samþykki allra eigenda Rjórabúsins á Baugsstöðum.



Tóvinna fyrir skólahópa í Kirkjubæ, Ásthildur Magnúsdóttir leiðbeinir ungum pilti að spinna þráð.

Fræðslustarf

Árið hófst vel með heimsóknum leikskólahópa á þrettándanum, þar sem rætt var um jólasveina, álfa og huldufólk og búnir til álfahattar. Þorrasýningin hélt áfram að vera vinsæl og Lubbi með hljóðasögubeinin fékk góða aðsókn frá elstu leikskólabörnum og 1. bekk. Sérstök fræðsludagskrá fyrir 4. bekk, byggð á þjóðhátum, var vel sótt; nemendur fóru milli stöðva á safnasvæðinu og fengu lifandi fræðslu og verkefni.

Námsefni fyrir verðandi húsasmiði var unnið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands á árinu 2024. Magnús Karel Hannesson tók á móti trésmíðanemendum tvisvar sinnum; fyrst með fyrirlestri um byggðapróun og síðar í sögugöngu þar sem nemendur sáu dæmi um húsavernd í framkvæmd.

Jólasýningar safnsins eru orðnar fastur liður og byggja á merkim jólatrjám safnsins. Nemendur í 10. bekk BES skreyta eftirgerð af elsta jólatré landsins.

Auk þess komu fjölmargir skólahópar í heimsókn án formlegra verkefna, þar sem oft var nýtt efni úr stærri fræðsluverkefnum. Safnið festi m.a. kaup á tíu pörum ullarkamba sem nýtast vel í slíkum heimsóknum.


Fastir starfsmenn sinna fræðslunni og sérfræðingar eru fengnir til liðs eftir þörfum. Safnið heldur áfram að byggja upp vandaða fræðslu í tengslum við námsefni skólanna, með góðum stuðningi Safnaráðs.

Nú þegar Ragnhildur Elísabet lætur af störfum byggir safnið áfram að þeirri vinnu sem hún hefur unnið við að koma á fót föstu skipulagi á safnakennslu safnsins. Aðrir fagmenntaðir starfsmenn safnsins munu nú taka við keflinu og enn munu ungir skólanemar og eldri sækja safnið.

Safnaráð

Starfsemi safnsins byggir á Safnalögum nr. 2011/141 en í þriðja kafla laganna er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Samkvæmt lögnum geta viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknarskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahaldi og fyrirkomulagi sýningahalds. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum. Safnaráð hefur eftirlit með starfsemi safna og meðal annars aðbúnaði gripa á sýningum og í varðveisluaðstöðu. Byggðasafn Árnesinga gekk í gegnum slíkt eftirlitsferli Safnaráðs haustið 2016. Eftirfylgni með skýrslu 2017 var svo með heimsókn forvarðar Safnaráðs árið 2021 og svo aftur 2022.

Byggðasafn Árnesinga sækir árlega um verkefnastyrki til Safnaráðs til að styrkja starfsemi safnsins. Einnig um símenntunarstyrki sem nýttir hafa verið til ferðalaga á ráðstefnur og í kynnisferðir. Hafa styrkir Safnaráðs komið sér vel og stutt við faglega starfsemi safnsins og einstök verkefni.



Safnstjóri sat nokkra fundi á árinu á vegum Safnaráðs um Viðbragðsáætlanir safna. Nú eru til viðbragðsáætlanir fyrir fjögur safnhús, sem verða endurskoðaðar 2026 og sendar Safnaráði.



Glaðbeittir safnamenn taka við styrkjum Safnaráðs 2025. Ljósmynd: Sunna Ben.

Byggðasafn Árnesinga sótti um styrki til verkefna fyrir aðalúthlutun 2025. Fengust þannig þrír styrkir, einn til að bæta miðlun fyrir erlenda gesti, enn einn styrkurinn til fræðslumála við safnið og þriðji styrkurinn til gerðar sýningarinnar „Yfir beljandi fljót“. Námu styrkirnir alls 3,9 milljónum króna. Í ársbyrjun fékk safnið einnig aukastyrk fyrir 2024 til að efla heimasíðu safnsins. Þessir styrkir hafa allir komið sér vel og eflt og styrkt starfsemi Byggðasafns Árnesinga. En það veldur jafnframt vonbrigðum hvað þessir styrkir eru smáir miðað við veltu safnsins. Á árunum 1993 til 2001 höfðu þeir mikið að segja enda voru styrkirnir sem þá voru veittir í gegnum Þjóðminjasafn Íslands miðaðir við hálf árslauð safnvarðar í þeirri viðleitni að fá fagmenntaða starfsmenn á íslensk minjasöfn. Nú ber söfnum að eyða miklilli starfsorku að sækja um samkeppnisstyrki til verkefna og árangurinn svarar varla vinnukostnaði.

Samstarf

Vesturbúðarfélagið á Eyrarbakka vinnur að rannsóknum sem tengjast Vesturbúðinni sem var verslunarhús Eyrarbakka frá 18. öld til 1925. Vesturbúðin var rífin af síðasta eiganda þess Kaupfélags Árnesinga árið 1950 og viðirnir fluttir til Þorlákshafnar þar sem reist voru salthús sem brunnu 1988. Tilgangur Vesturbúðarfélagsins er að stuðla að endurbyggingu Vesturbúðarinnar á sínum forna stað á Eyrarbakka. Liður í því ferli eru fornleifarannsóknir. Enginn styrkur fékkst til uppgrftar á árinu en safnið hefur skotið skjólshúsi yfir fornleifafræðinga í Búðarstíg 22 þegar grafið hefur verið.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samskiptin urðu helst vegna varðveisluaðstöðu að Búðarstíg 22. Í lok ársins kom í ljós eftir rannsóknir forvarða þjóðminjasafnsins að óæskileg skordýr er að finna í Búðarstíg 22 og var í árslok lögð fram áætlun um meindýraeyðingu. Samstarfs var einnig vegna reksturs Hússins á Eyrarbakka og kaupa þjóðminjasafnsins á húsinu Eyri, merku almúgahúsi á Eyrarbakka. Samstarf komst á á árinu og Byggðasafn Árnesinga skipulagði opnun á Eyri yfir sumarið.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í Sarpi, gagnagrunni íslenskra safna, með 2% hlutdeild. Safnstjóri situr fyrir hönd safnsins aðalfund Rekstrarfélags Sarps og gætir hagsmuna safnsins. Þar er um að ræða mjög vel heppnað samstarf íslenskra safna um samræmda skráningu á menningararfi hvort sem það eru munir, ljósmyndir, listaverk, þjóðhættir, fornleifar eða örnefni. Rekstrarfélag Sarps er undir verndarvæng Landskerfis bókasafna.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands, einkum húsafriðunardeild.

Byggðasafn Árnesinga er aðili að starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem voru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningarmálum á Suðurlandi. Starfsemin hefur legið niðri í fimmtán ár. Menningin lifir samt góðu lífi á Suðurlandi.

Safnstjóri situr í stjórn Fischerssetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga. Sat hann tvo fundi á árinu.

Byggðasafn Árnesinga er í Samtökum íslenskra Sjóminjasafna og Lýður Pálsson gjaldkeri samtakanna.

Ragnhildur Elísabet er í óformlegum samstarfshópi safnkennara á íslenskum söfnum.



Saumavél á sýningu í Kirkjubæ. Hún var fyrrum notuð af Helgu Helgadóttur í Hólum, Stokkseyrarhreppi. Fóstursonur hennar Helgi Ívarsson í Hólum gaf saumavélina til safnsins. Ljós: Bjarki Guðmundsson.

Lýður Pálsson er aðalmaður í Minjaráði Suðurlands og sat einn fund á árinu sem haldinn var á Eyrarbakka í nóvember.



Umfjöllun um nýtt safn árið 1949. Úr fyrirlestri Lýðs fyrir Vitafélagið í mars.

Ekki var haldin sérstök skrá um þá fundi sem starfsmenn sátu á árinu í þágu safnsins.

Lýður Pálsson safnstjóri flutti fyrirlestur um Þuríðarbúð á Stokkseyri og sjóbúðir við Suðurströndina á fundi Vitafélagsins 6. mars. Komið var víða við í fyrirlestrinum, rakið upphaf Þuríðarbúðar og ötulstarf Stokkseyringafélagsins í Reykjavík við uppbygginguna en Þuríðarbúð var hlaðin 1949 og er fyrsti safnvísirinn á Suðurlandi. Þuríðarbúð er trúverðugt tilgátuhús um aðstæður sjómanna fyrr á tímum. Reglulega hefur þurft að endurbyggja Þuríðarbúð og erfitt er um vik um miðlun á sjóminjum. Verstöðvar voru víða við Suðurströndina en flestar voru sjóbúðirnar í Þorlákshöfn og á Stokkseyri. Árið 1890 voru þær 106 talsins á blómaskeiði árabátaútgerðar frá Loftsstaðasandi til Selvogs. Að lokum var lesin raunaleg frásögn sjómanns um verbúðarlíf á Stokkseyri um 1880. Það var ekkert sældarlíf að dvelja í sjóbúðum fyrrum.

Lýður Pálsson var með erindi á Sögukvöldi Árborgar 8. október í Tryggvaskála og talaði þar um Ölfusárbrýr fyrr og nú og framundan.

Lýður og Linda eru í stjórn Eldsmíðafélags Suðurlands.

Ragnhildur Elísabet, Linda og Lýður eru félagar í FÍSOS, Félagi íslenskra safna og safnamanna. Lýður er félagi í ICOM, alþjóðasamtökum safnamanna. Byggðasafn Árnesinga er með stofnanaaðild að FÍSOS. Byggðasafn Árnesinga er einnig félagi í Samtökum um sögutengda ferðaþjónustu.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Starfsmenn sátu ýmsa fundi og ráðstefnur á árinu sem tengdust safnastarfinu. Í mörgum tilvikum var um að ræða stefnumót í fjarfundabúnaði sem hefur auðvitað kosti og galla. Kostur að sleppa við ferðalög og tíminn nýtist betur en galli að vera ekki í beinum tengslum við aðra í raunheimum.

Farskóli FÍSOS 2025

Farskóli Félags íslenskra safna og safnafólks var haldinn á Hótel Selfossi dagana 1.–3. október. Þema ráðstefnunnar var „Áreiðanleiki, trúverðugleiki og sannindi í íslenskum safnaheimi“, með skírskotun í nýjan miðbæ Selfoss. Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga, var farskólastjóri og heimsóttu þátttakendur safnið í vettvangsferð fyrsta daginn. Starfsfólk safnsins lagði mikla vinnu í undirbúning móttöku.

Farskólinn var haldinn í 37. sinn og sóttu hann um 160 safnamenn víðs vegar af landinu. Dagskráin var fjölbreytt og innihélt fyrirlestra, málstofur, ratleik og vettvangsferðir. Meðal erinda voru framsögur um listmeðferð, stöðu nýs Sarps og tölfræði safnastarfs. Einnig var haldinn aðalfundur FÍSOS þar sem fjórir nýir heiðursfélagar voru heiðraðir.

Í vettvangsferð var farið um Ölfus og Flóa, m.a. á Listasafn Árnesinga, Byggðasafn Árnesinga og Her- og flugminjasafn Einars Elíassonar. Kvölddagskrá fól í sér pub quiz og árshátíð félagsins á Hótel Selfossi. Fimmtudagurinn einkenndist af 15 málstofum um fjölbreytt efni, allt frá varðveislu og sýningarhaldi til ferðaþjónustu, torfbæja og aðgengismála.



Safnafólk í aðalsal Hótel Selfoss 1. október 2025. Farskóli FÍSOS að hefjast.

Á lokadegi var fjallað um nýjan miðbæ Selfoss í tengslum við þema ráðstefnunnar. Þar héldu sérfræðingar erindi um hönnun, fortíðleika og aðdráttarafl svæðisins og sátu síðan fyrir svörum.

Farskólinn var haldinn af FÍSOS með stuðningi Safnaráðs. Í farskólastjórn sátu Lýður Pálsson, Sigurlaugur Ingólfsson, Helga Aradóttir og Kristín Scheving, auk Dagrúnar Óskar Jónsdóttur frá FÍSOS. Undirbúningur hófst snemma árs og fór að mestu fram á Teams. Farskólanum var slitið í Tryggvaskála og kynnt að næsti farskóli verði haldinn á Ísafirði haustið 2026. Þátttakendur kvöddu Selfoss ánægðir eftir vel heppnaðan farskóla.

Kynningar- og markaðsmál - www.byggdasafn.is

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða en kannski ekki nógu mikið. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í nokkrum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur nýr bæklingur safnsins frammi á flestum ferðamannastöðum á Suðurlandi.

Ný heimasíða með slóðinni www.byggdasafn.is leit dagsins ljós á árinu 2024. Elín María Halldórsdóttir vefhönnuður sá um gerð hennar. Á árinu 2025 var gengið frá enska hluta síðunnar og fyrirhugað er að setja upp fróðleikssíðu með margvíslegu efni sem tengist safninu, Húsinu og héraðinu öllu.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður sér um hönnun á auglýsingum safnsins og gerð sýningaskilta fyrir sýningar safnsins. Sem starfsmaður í 40% stöðu nýttust starfskraftar hennar mjög vel.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Byggðasafn Árnesinga – Árnessýsla Heritage Museum“. Síðan er góð leið til að kynna starfsemi safnsins fyrir velunnurum sínum. Einstaka viðburðir voru „bússtaðir“ og gaf það góða raun. Fjölbreyttu safnatengdu efni er varpað út á síðuna sem Linda, Ragnhildur og Lýður sjá um.



Fagmennska er í framsetningu kynningarefnis. Sylvía hannaði.

um sumarsýninguna og almennt um safnastarfið á Eyrarbakka. Og Linda fór í viðtal í Sumarmálum á Rás 1 og fjallaði um sumarsýninguna og Rjómaþúð á Baugsstöðum. Einnig voru á árinu umfjallanir í fréttatímum RUV, Bylgjunnar og Stöðvar 2 um Gistihúsbílinn, Þjóðbúningahátíð og sellótónleika. Í Morgunblaðinu birtist í júní grein um sumarsýninguna og afhendingu fornbílsins ÁR-67.

En besta markaðssetningin er sem fyrr fagmennska í safnastarfi og gott orðspor.

Instagram-síða safnsins er mötuð með margvíslegum fróðleik og sáu safnverðirnir Linda og Ragnhildur um það.

Safnið er með reikning á Trip-Advisor og Google+.

Safnið er aðili að Markaðsskrifstofu Suðurlands. Safnið er þar kynnt meðal annarra safna á Suðurlandi og nýtur góðs af þátttöku í stofunni.

Ótalin er sú kynning sem felst í ókeypis umfjöllun í fjölmiðlum. Umfjallanir um ýmsa þætti safnastarfsins var á árinu að finna í Dagskránni á Selfossi, sunnlenska.is, Morgunblaðinu og á Rás 1.

Á árinu fór Lýður í viðtal í Morgunútvarpi Rásar 1 og fjallaði


Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Íbúafjöldi samkvæmt Hagstofu Íslands var 22.315 talsins 1. janúar 2025, en þeir voru 21.477 í árbyrjun 2024, 20.982 í árbyrjun 2023 en 20.076 í árbyrjun 2022 og 19.346 árið 2021. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur Brunavarna Árnessýslu, Tónlistarskóla Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga auk Almennavarnanefndar Árnessýslu. Formaður Héraðsnefndar Árnesinga er Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar en fulltrúar úr öllum átta sveitarfélögum sitja í nefndinni eftir íbúatölu.



Það er ekki á hverjum degi sem tekst að ná safnstjóra og stjórn safnsins saman á mynd en það tókst þó 14. október í tengslum við Héraðsnefndarfund. Frá vinstri Árni, Lýður, Sandra og Þórhildur Dröfn.

Héraðsnefnd Árnesinga kýs stjórn til tveggja ára í senn. Í stjórn sitja nú Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði, stjórnarformaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Árborg, varaformaður og Árni Eríksson, Flóahreppi, ritari. Varastjórn skipa Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði, Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppi og Sveinn Ægir Birgisson, Árborg. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er af Héraðsnefnd Árnesinga og er þar fjallað ítarlega um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.



Hluti af Íslandskorti Björns Gunnlaugssonar stærðfræðings árið 1845 með viðbættri hönnun Sylvíu Kristjánsdóttur 2025. Hér má sjá helstu höfuðból og reiðleiðir um Árnessýslu áður en nýtt samgöngukerfi kom til sögunnar á 20. öld.

Stjórnarfundir ársins urðu fimm talsins. Stjórnarformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á fundum stjórnar safnsins eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórnina. Tekin eru fyrir starfs- og rekstraráætlanir næsta árs, og eftirfylgni með áætlunum líðandi árs, ársskýrslur og ársreikningur áritaður. Einnig mál sem stjórnarmenn og safnstjóri leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar. Safnstjóri heldur stjórn upplýstum um starfsemina hverju sinni.

Byggðasafn Árnesinga verður byggðasamlag

Frá upphafi hefur Byggðasafn Árnesinga verið safn í eigu Sýslunefndar Árnessýslu og síðar frá 1989 Héraðsnefndar Árnesinga sem er byggðasamlag allra sveitarfélaga í Árnessýslu. Héraðsnefndin hefur haft með höndum rekstur þriggja safna, slökkviliðs og tónlistarskóla á héraðsvísu, auk séreigna og almannavarnanefndar.

Að boði sveitarstjórnarráðuneytis voru gerðar nýjar samþykktir fyrir þessar stofnanir og ákveðið var að stofna sérstök byggðasamlög fyrir hverja og eina einingu.

Á árinu 2025 voru samdar nýjar samþykktir undir stjórn framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga með ráðgjöf Steinunnar Erlu Kolbeinsdóttur lögmanns sem hafði umsjón með gerð nýrra samþykka. Sátu stjórn og safnstjóri nokkra fundi um nýjar samþykktir á árinu. Þær voru svo samþykktar af öllum sveitarfélögunum í lok ársins og munu öðlast gildi við birtingu í Lögbirtingablaðinu á árinu 2026. Engar breytingar verða á hlutverki Byggðasafns Árnesinga við gildistöku nýrra samþykka en hinsvegar er stjórnskipulagið breytt og Byggðasafn Árnesinga verður byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna í Árnesþingi.

Um rekstur og fjárhag safnsins 2025

Safnstjóri er ábyrgur gagnvart stjórn fyrir fjárreiðum safnsins og fer eftir starfsáætlun og rekstraráætlun. Grímsnes- og Grafningshreppur hefur séð um að færa bókhald undanfarin 15 ár auk þess að sjá um launaúrkeyrslu og skylda þjónustu. KPMG endurskoðun á Selfossi sá um endurskoðun reikninga og gerð ársreiknings.

Jákvæð niðurstaða varð af rekstri ársins en rekstrarreikningur er eftirfarandi:

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	Fjárhags- áætlun 2025	2024
Rekstrartekjur				
Héraðsnefnd Árnesinga, framlag		90.800.000	90.800.000	87.500.000
Sveitarfélagið Árborg, framlag vegna Sjóminjasafns		7.202.555	7.245.000	7.245.000
Aðrar tekjur	9	12.975.781	12.350.000	17.780.615
		<u>110.978.336</u>	<u>110.395.000</u>	<u>112.525.615</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	10	64.084.007	61.800.000	55.386.192
Rekstur fasteigna	11	7.906.146	7.575.000	10.314.996
Annar rekstrarkostnaður	12	13.387.675	14.288.000	19.592.509
Afskriftir	5	8.721.709	8.721.740	8.721.709
		<u>94.099.537</u>	<u>92.384.740</u>	<u>94.015.406</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		16.878.799	18.010.260	18.510.209
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	13	(11.456.474)	(12.579.819)	(14.653.076)
Rekstrarniðurstaða ársins	7	<u>5.422.325</u>	<u>5.430.441</u>	<u>3.857.133</u>

Eigið fé safnsins í fasteignum og bankainnistæðum nam 34,4 milljón króna í árslok 2025 samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé og skuldir eru alls 247 milljónir króna.

Byggðasafn Árnesinga er með lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Á árinu 2017 og 2018 féllu á safnið kröfur vegna samkomulags um breytingar lífeyrismála opinberra starfsmanna. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Kröfurnar námu 14,3 milljónum króna. Í mars 2018 var tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að mæta þessum kröfum. Í apríl árið 2019 var tekið 100 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að kaupa Búðarstíg 22 og fara í fyrstu framkvæmdir. Í febrúar og október 2020 voru tekin tvö 60 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til framkvæmda við Búðarstíg 22. Í árslok 2025 var skuld safnsins við Lánasjóð sveitarfélaga 203 milljónir króna.

Eyrarbakka 16. mars 2026,


Lýður Pálsson, safnstjóri.